

Skattur á menn

Einstaklingsskattaréttur

Skattskil 1

Kynning á námskeiðinu o. fl.

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki eitt

Vægi 3 til 4

Skattskil ???

- Skipta má skattskilum í tvo hluta:
 - skattarétt en það er sú fræðigrein lögfræðinnar sem fjallar um (ákvörðun) álagningu og innheimtu skatta hjá einstaklingum og lögaðilum
 - uppgjör ákveðins skattstofns, oft á grundvelli bókhalds og teljast skattskilin því sem slík undirgrein reikningsskilanna; að skila bókhaldinu í skattinn
- Strangt tiltekið eru skattskilin því sambland af **lögfræði og viðskiptafræði** sem þýðir að menn verða bæði að þekkja lögin og reikningsskilaaðferðirnar

Skattaréttur (lögfræði)

Skilgreining Jónatans Þórmundssonar prófessor við lagadeild HÍ

- Skattaréttur er sú fræðigrein lögfræðinnar er skýrir réttarreglur varðandi skyldu einstaklinga, félaga, stofnana og sjóða að greiða skatt til hins opinbera, reglur varðandi skattstofninn, sem greiðslan miðast við, og loks reglur um framkvæmd og eftirlit með því, að hver skattaðili greiði það sem honum ber, þ.á.m. reglur um innheimtu, ábyrgð og viðurlög vegna undanskots á skatti

Opinber réttur

einkaréttur

- Lögfræði skiptist í einkarétt og opinberan rétt
- Einkaréttinum ráða menn sjálfir. Hins vegar hefur hið opinbera forræði á opinbera réttinum
- Skattaréttur tilheyrir opinbera réttinum og heyrir stjórn hans undir **skattyfirvöld**
 - Fjármálaráðherra og ríkisskattstjóra

Hvað þýðir þetta?


- Við getum ekki samið við skattyfirvöld um málsúrslit
- Ríkar kröfur eru gerðar til skattyfirvalda um rannsókn máls, upplýsingaskyldu og rökstuðning ákvörðunar

Guðrún brotnaði niður þegar skattstjóri hringdi: „Hann bætti svo við að hann myndi redda málunum fyrir mig“



Fókus

Fimmtudaginn 28. nóvember 2019 12:39



Guðrún Sigurbjörnsdóttir, áhrifavaldur sem keppir fyrir hönd Íslands í fegurðarsamkeppninni Miss Global, segist ekki hafa átt sjö dagana sæla undanfarið. Líkt og virðist algengt meðal áhrifavalda þá lenti Guðrún í vanda við skattinn nýverið. Hún segir að það hafi þó endað vel því miskunnarsamur starfsmaður ríkisskattstjóra sá aumur á henni.

„Fyrir nokkrum mánuðum var ég mjög langt niðri og búin að loka mig af frá öllum og öllu í alltof langan tíma. Mér fannst allt ómögulegt, nýbúin að klessa bílinn minn og fleira sem ég ætla ekki að fara útí hérna. Ofan á það gerði ég skattaskýrsluna mína vitlaust og allt í fokki þar,“ lýsir Guðrún á Instagram.

Hún segist hafa verið heppinn með þann sem hringdi. „Ég man svo vel eftir símtali við skattstjóra sem fann greinilega á sér að mér leið ömurlega. Mögulega fann hann það á sér af því ég brotnaði niður í símtalinu og fór að gráta en hann sagði við mig veistu það birtir alltaf til þó manni líði ekki þannig alltaf. Og bætti svo við að hann myndi redda málunum fyrir mig,“ segir Guðrún.

Hún segist þakklát fyrir þetta símtal. „Þetta símtal gerði svo mikið fyrir mig, vildi bara henda þessu út hérna ef eitthver hérna er að bugast. Þetta reddast er frasi sem ég elska og vona að ég hafi náð að peppa eitthvern sem þurfti á því að halda með þessum dramatíska captioni,“ segir Guðrún að lokum.


<https://www.instagram.com/p/B5YgM4JlAWk/>

Útfylling skattframtals, eyðublaða gerð/skil

- Námið snýst þó **ekki** bara um að **fylla** út skattframtöl, eyðublöð og þess háttar
- Heldur umfram allt **HVERNIG** það skuli gert og í framhaldi af því hvaða afleiðingar ólíkar útfyllingar hafa
- Kjörorð okkar er því réttur skattur með réttum hætti, að hver og einn borgi það sem honum ber, hvorki meira né minna

Dómur hæstaréttar dags. 28. sept. 2000 í málinu 124/2000
Kristján Ólafsson gegn íslenska ríkinu og SÍF hf. til vara

- Í málinu var deilt um skattalega meðferð **DAGPENINGA**, sem K fékk frá ÍS hf. (nú SÍF hf.), þegar hann **starfaði í þjónustu fyrirtækisins sem skipaeftirlitsmaður að svokölluðu Kamchatkaverkefni**
- Ríkisskattstjóri, sem haft hafði til meðferðar skattamál fjölmargra þeirra sem störfuðu á vegum fyrirtækisins í Kamchatka, ritaði af þessu tilefni bréf til allra skattstjóra þar sem það álit var látið uppi, **að fallast mætti á 15% frádrátt af greiddum dagpeningum fyrir alla þessa starfsmenn**. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi úrskurðaði í skattamáli K í samræmi við framangreinda verklagsreglu ríkisskattstjóra. K skaut úrskurðinum til yfirséðanefndar sem hafnaði kröfu hans. **Þaðan fór málið svo fyrir dómstóla**
- Hæstiréttur taldi ekki annað fram komið en að rétt hefði verið staðið að ákvörðun skattyfirvalda og hún verið málefnaleg í alla staði og **í fullu samræmi við 1. tölul. 1. mgr. a-liðar 30. gr.** laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Niðurstaða héraðsdóms um sýknu íslenska ríkisins af kröfum K var því staðfest



„... starfaði í þjónustu fyrirtækisins sem skipaeftirlitsmaður að svokölluðu Kamchatkaverkefni.“

- K var ráðinn samkvæmt ráðningarsamningi 25. febrúar 1996 til verkefnisins. Hann hóf störf 22. mars 1996 og hélt upp úr því til Kamchatka og starfaði þar og í Kína samfellt fram í ágúst sama ár, en kom þá heim í orlof. Hann hélt síðan aftur utan til starfa í september. Víst K lauk 10. desember sama ár er hann kom alkominn heim. Samkvæmt ráðningarsamningi átti K að hafa 200.000 krónur í föst laun á mánuði. Auk þess skyldi K fá greidda dagpeninga **SDR 99** á dag meðan hann væri starfandi á vegum **Íslenskra sjávarafurða hf.** utan íslenskrar lögsögu, það er um 9.541 krónur pr. dag miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands 1. nóvember 1995
- **Þetta jafngildi um $9.541 \times 30,4 = 290.046$ kr. á mánuði eða 90 þús. hærri fjárhæð en laununum nam – svoldið skrýtið**

Skoðum nú lagaákvæðin hvað dvaldi K lengi erlendis??

230
daga
6 mán

- Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

1. Útgjöld að hámarki móttækin fjárhæð ökutækjastyrkja, **dagpeninga** eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður **VEGNA** atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra – **TILFALLANDI FERÐIR**

Skattaréttur/
vinnuréttur

- HVAÐA LÆRDÓM GETUM VIÐ DREGIÐ AF
ÞESSU MÁLI?

Hvað með SÍF

dagpeningarnir vorur auðvitað gulrót
báru þeir enga ábyrgð?

- Með því að forsvarsmenn SÍF hf. **höfðu ekki verið bærir** til að lofa ákveðinni skattalegri meðferð dagpeninga var **ekki** talið að K ætti rétt á **efndabótum** úr hendi SÍF hf. þótt talið yrði að þetta hefði verið forsenda ráðningarsamningsins af hálfu beggja aðila hans
- Hvorki samningurinn né önnur gögn málsins voru talin bera það með sér að SÍF hf. hafi tekið sérstaka ábyrgð á að dagpeningarnir væru frádráttarbærir frá tekjuskatti. Var því niðurstaða héraðsdóms um sýknu SÍF hf. staðfest

Skattskil 1 – einstaklingsskattaréttur

- Inngangur að skattarétti í viðskiptafræðideild
- Síðari námskeið, það er Skattskil 2 – fyrirtækja-skattaréttur og Skattskil 3 – alþjóðlegur skattaréttur byggja því að stórum hluta á því
- Allt snýst þetta um skatta – skattlagningu. Þess vegna byrjum við á því að reyna að átta okkur á því: Hvað sé skattur og
 - hvernig afmarka beri hann t.d. gagnvart þjónustugjöldum, eignarnámi o. fl.

Tekjuöflunarkerfið

- Hið opinbera – ríki og sveitarfélög – þarf tekjur til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu
- Skv. stjórnarskránni er hinu opinbera því leyft að leggja á og innheimta skatta → Óheft svigrúm?
- Við framkvæmd þessa valds – skattlagningarvaldsins – verður þó að fara eftir ákveðnum reglum. Þessar reglur eru í flestum tilvikum lögbundnar → LÖGMÆTISREGLAN
- Eins og oft vegast hér því á tvenns konar sjónarmið: tekjuöflunarsjónarmið hins opinbera og skattaréttaröryggi borgaranna

Skatthæð - Álitamál

- Er heimilt að leggja á menn 115% tekjuskatt
- Ef ekki, hvar liggja þá mörkin?
 - Eignaupptaka. Ath. auðlegðarskattinn
 - Framfærsluréttur. Ef ég borga allt sem ég afla í skatt á ég ekkert eftir til að lifa fyrir
- Væri betra fyrir fólk að ríkið innheimti alla skatta sína í formi eins skatts t.d. virðisauka skatts í stað margra skatta

Skatturinn hærri en tekjurnar



Konan tapaði nýlega dómsmáli fyrir ríkinu í Héraðsdómi Reykjavíkur. mbl.is/ErnirEyjolfsson

„Auðlegðarskatturinn var sérstaklega fjandsamlegur ellilífeyrisþegum og ósanngjarnt að þeir urðu að ganga á eignir sínar og ævisparnað til að mæta skattkröfunni,“ segir Jón Þór Ólason hrl., en hann var lögmaður dánarbús eldri konu sem nýlega tapaði dómsmáli fyrir ríkinu í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þar var krafist niðurfellingar á viðbótarauðlegðarskatti sem lagður var á konuna vegna tekjuáranna 2010-2012. Gerð var krafa um endurgreiðslu á nærri 50 milljóna króna skattgreiðslum.

Héraðsdómur féllst ekki á kröfuna, dæmði ríkinu í vil og krafði dánarbúið um 600 þúsund króna málskostnað. Konan lést á síðasta ári, 96 ára að aldri, en hún var níræð þegar Alþingi samþykkti lög um auðlegðarskattinn árið 2009.

Eitt álagningarárið, 2011, voru skattgreiðslur konunnar hærri en sem nam fjármagnstekjum hennar og lífeyri, eða 21,3 milljónir í skatta á meðan tekjurnar námu 20,6 milljónum. Hin gjaldárin voru skattgreiðslurnar um 80% og 90% af tekjum konunnar.

Jón Þór útilokar ekki að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar. 26



Matarskattur: kjarabót eða pólitískt moldviðri?

Eigum við að rifja upp síðasta áratug 20. aldar? Verðbólga, olúkreppa, óeirðir á Englandi, búferlaflutningar til Norðurlanda og matarskattur. Alveg eins og núna.

Eigum við að rifja upp síðasta áratug 20. aldar? Verðbólga, olúkreppa, óeirðir á Englandi, búferlaflutningar til Norðurlanda og matarskattur. Alveg eins og núna. Hvað er í gangi?

Þá eins og nú hafði vinstri stjórn tekið við eftir áralanga óstjórn hægri manna. Með þjóðarsáttinni árið 1989 voru lögð drög að uppbyggingu efnahagslífsins og EES-samningurinn var innan seilingar. Sjálfstæðisflokkurinn beitti öllum sínum mætti til að komast aftur að kjötköttlunum og þegar loks fór aftur að sjá til sólar komst flokkurinn til valda með efnahagsstefnu sem lagði landið í rúst á 18 árum.

Efnahagsstefna Sjálfstæðisflokksins byggðist á stiglækkandi sköttum og litlu sem engu félagslegu kerfi. Með öðrum orðum: Því hærri tekjur sem menn höfðu, því lægri skatta greiddu þeir til samfélagsins. Þeir tekjulágu skyldu sjá um sig sjálfir. Samhliða var dregið úr skatteftirliti og skattrannsóknir heyrðu til undantekninga. Í staðinn var fólki talin trú um að lækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 24,5% í 14% og síðar 7% bætti kjör láglænaþólks eða kæmi í stað beinna greiðslna eins og hækkun persónuafsláttar og barna- og húsnæðisbóta.

Upphaf hins svonefnda matarskatts má rekja til krafna Alþýðusambands Íslands, ASÍ, vorið 1993 um að kjör hinna lægst launuðu yrðu bætt. Í kjölfarið setti ríkisstjórn Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks, Viðeyjarstjórnin, lög um lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Miklar efasemdir vöknudú á Alþingi um skilvirkni þess að lækka virðisaukaskatt af matvælum til að jafna tekjur og var Efnahags- og viðskiptanefnd þrískipt um málið. Í kjölfarið óskaði Halldór Ásgrímsson, Framsóknarflokk, eftir úttekt Ríkisendurskoðunar um áhrif lækunarinnar. Meginniðurstaða hennar var sú, að aðgerðirnar hefðu gjörsamlega mistekist. Lækkun virðisaukaskatts úr 24,5% í 14% til að auka kaupmátt heimilanna var versta leiðin sem völ var á í stöðunni. Útreikningar Ríkisendurskoðunar bentu til þess að aðeins 16% af tekjutapi ríkissjóðs við aðgerðina hefðu skilað sér til lágttekjuheimilanna. Skýrsla Ríkisendurskoðunar byggist m.a. á rannsóknum þeirra Anthonys Atkinson og Josephs Stiglitz frá árinu 1976, en þeir bentu á að hagkvæmasta leiðin til þess að laga kjör þeirra sem minnst báru úr bytun væri fjölþrepa tekjuskattur og flatur virðisaukaskattur.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er mikill áfellingsskýrsla yfir stjórnsýslunni í heild sinni. Menn rjúka upp til handa og fóta og öllu kerfinu er breytt í nafni félagslegs réttlætis án nokkurra rannsókna. Þegar storminn lægir og staðan

er skoðuð kemur jafnvel í ljós að betra hefði verið að halda að sér höndum. Í þessu tilviki taldi Ríkisendurskoðun að miklu nær hefði verið að fara í beinar aðgerðir, s.s. að hækka barnabótaauka, hækka hátekjuskatt og hækka persónuafslátt, samskonar aðgerðir og núverandi ríkisstjórn greip til árið 2010 í kjölfar kreppunnar, en þær hefðu skilað lágttekjuheimilum miklu meira en áður nefndar aðgerðir. Samt var þessi skýrsla týnd og tröllum gefin þegar stjórnvöld fóru aftur af stað og lækkuðu matarskattinn úr 14% í 7%, með lögum nr. 175/2006, en þá notuðu þau nákvæmlega sömu rök og áður, þ.e. að slíkar aðgerðir kæmu lágttekjuheimilum best. Miðað við áður nefnda útreikninga Ríkisendurskoðunar má reikna með að aðeins 10% af tekjutapi ríkissjóðs vegna lækunar virðisaukaskatts skili sér til lágttekjuheimila. Hin 90% fara til þeirra sem ekki þurfa á aðstoð að halda. Þessi aðgerð er því bæði dýr og ómarkviss, einkum þegar þröngt er í búi vegna óstjórnar síðustu ára. Mun markvissari aðgerð í ríkisfjármálum væri að hafa eitt 20% virðisaukaskattsþrep, án nokkurra undanþága eins og Alþjóðagjalddeyrissjóðurinn leggur nú til, en þær tillögur eru samhljóma fyrsta frumvarpinu um virðisaukaskatt og hækka persónuafslátt og barna- og húsnæðisbætur. Þannig fengi ríkissjóður meira upp í skuldahala Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks og þeir nytu aðstoðar sem þurfa á henni að halda.

Helstu lög sem reynir á

- Gildandi lög um
 - tekjuskatt nr. 90/2003, (TSL), sbr. lög nr. 40/1978 með síðari breytingum svo og lög um
 - útsvar o. fl. (tekjustofnalög)
 - staðgreiðslu opinberra gjalda
 - staðgreiðslu fjármagnstekna
 - yfirskattanefnd
 - reglugerðir og skattmöt
 - virðisaukaskatt nr. 50/1988 með síðari breytingum
 - reglugerðir
 - Tryggingagjald nr.113/1990

Þið verðið að þekkja lögin

Alþjóðlegur skattaréttur
Huglæg skattskylda

1. gr.
2. gr., 3. gr.

Hlutlæg
skattskylda

Fyrirtækjaskattagning

31. gr.
32. gr., 33. gr., 34.
gr., 35. gr. ...

Einstaklingsskattlagning
Fjölskylduskattlagning

7. gr.

Kæra
skattákvörðunar
Málsmeðferðarreglur

5. gr.
6. gr.

111. gr. – 116. gr.

Innheimta, ábyrgð,
vanskil, refsiviðurlög

95. gr.
96. gr.
100. gr.

Skattbyrðin hér á landi er sögð svipuð og í Danmörku

Íslendingar borga næstmest í skatta af Norðurlandabjóðunum samkvæmt útreikningum AGS. Sérfræðingar AGS segja augljóst að líta verði á greiðslur í lífeyrissjóði sem skattgreiðslur til að bera saman milli landa.

FRÉTTASKÝRING

Hversu háir eru skattar hér á landi samanborið við hinar Norðurlandabjóðirnar samkvæmt útreikningum AGS?

Skattbyrði Íslendinga er með því mesta sem gerist í aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), samkvæmt útreikningum sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þetta kemur fram í skýrslu um íslenska skattkerfið, sem AGS vann að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Sérfræðingar sjóðsins reikna skattbyrðina sem hlutfall skatta af vergri landsframleiðslu. Nýjustu samanburðarhæfu tölurnar eru frá árinu 2007. AGS telur það skekkja verulega einfaldan samanburð á íslenska skattkerfinu og kerfinu á hinum Norðurlöndunum að Íslendingar greiða í sjálfstæða lífeyrissjóði til að tryggja sér lífeyri. Á hinum Norðurlöndunum greiðir fólk hærri skatta og ríkið sér alfarið um slík lífeyrismál.

AGS notar tvær mismunandi leiðir til að bera skattbyrðina á Íslandi saman við hin Norðurlöndin, og OECD-löndin.

Í fyrsta lagi er skattheimta á Íslandi borin saman við skatta erlendis þar sem skattar til að fjármagna lífeyrsgreiðslur sem hér fara í lífeyriskerfið eru undanskildir.

Þá er skattheimta á Íslandi 37,7 prósent af vergri landsframleiðslu, umtalsvert hærri en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, eins og sjá má í meðfylgjandi mynd. Skattheimtan

er hins vegar meiri í Danmörku, 47,7 prósent.

Hin leiðin sem AGS notar til að bera saman skattbyrðar milli Íslands og nágrannalanda er að bæta greiðslum í lífeyrissjóði við skattgreiðslur.

Þá reiknast skattbyrðin á árinu 2007 sem 48,5 prósent af vergri landsframleiðslu. Það er örlítið undir skattbyrðinni í Danmörku, sem var 48,7 prósent, og svipað og hlutfallið í Svíþjóð, 48,3 prósent. Hlutfallið er mun lægra í Noregi og Finnlandi, 43,6 prósent annars vegar og 43 prósent hins vegar.

Fjármagnstekjuskattur var tíu prósent fram á mitt ár 2009, þegar hann var hækkaður í fimmtán prósent, og svo í átján prósent í ár. Þrátt fyrir að

skatturinn hafi verið næstum tvöfaldaður er hann enn talsvert lægri en á hinum Norðurlöndunum. Þetta segja sérfræðingar AGS að hluta til skýrast af ólíkum reglum um frádrátt, en segja engu að síður borð fyrir báru að hækka skattinn í 20 prósent.


Virðisaukaskattur er hvergi innan aðildarríkja OECD hærri en hér á landi, 25,5 prósent. Skatturinn er þó svipaður í Danmörku, 25 prósent, en þar er ekkert lægra skattþrep fyrir matvæli, rafmagn, hita og fleira. Sérfræðingar AGS gerðu ekki tilraun til að meta mun á þjónustugjöldum eða öðrum kostnaði skattgreiðenda utan við beinar skattgreiðslur. Ekki var heldur metið hvaða þjónusta fæst fyrir það fé sem greitt er í skatt.

brjann@frettabladid.is


Samanburður á skattbyrði

Skattheimta sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hér á landi er með því hæsta sem gerist á Norðurlöndunum. Aðeins í Danmörku er skattbyrðin þyngr, sé tekið tillit til þess að greiðslur í lífeyrissjóði má í raun skilgreina sem skattgreiðslur, að mati AGS.

Samanlögð skattbyrði



Skattbyrði fyrir utan lífeyriskerfi



Miðað er við skattlagningu sem hlutfall af landsframleiðslu. Tölurnar eru frá árinu 2007.

Heimild: Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Námsefni?

- Glærur
- Dómar og úrskurði skattyfirvalda þar með talið bindandi álit ríkisskattstjóra
- Ákvarðandi bréf. Tilkynningar til skattstjóra. Reglugerðir. Reglur. Skattmöt
- Lög um ...
- Bókin: **Skattur á menn**
- Bókin: Skattur á fyrirtæki
- Annað efni sem vísað verður til í fyrirlestrum

Nánar um lesefnið

- Skattur á fjármagnstekjur og eignir
 - Hvaða kafla, blaðsíður, bls. 55-292
- Skattur á fyrirtæki
 - Hvaða blaðsíður, sbr. 196-453
- Annað efni, sjá möppuna námsefni á heimasíðu námskeiðsins:
 - **SKATTUR Á MENN. DRÖG AÐ BÓK**

Hvaða kennara höfum við

- Ásmundur G. Vilhjálmsson
héraðsdómslögmaður, skattaráðgjafi
 - Lögfræðingur frá HÍ 1981. Framhaldsnám í skattarétti í Árósum 1989 til 1990 og í Lundi árin 1991-1993
 - Fæðimennska, bókaútgáfa, skattaráðgjöf, lögmennska
 - Nánari uppl. www.skattvis.is
- Bryndís Kristjánsdóttir, Skattrannsóknar stjóri
- Edda Símonardóttir, yfirmaður innheimtusvið ríkiskattstjóra

Skattaupplýsingar

- Athuga einstaka vefi:
 - www.althingi.is
 - www.rsk.is
 - www.fjarmalaraduneyti.is
 - www.yfirskattanefnd.is
 - www.skr.is
 - www.domstolar.is
 - www.haestirettur.is
 - www.syslumenn.is (www.syslumadur.is)
 - www.tollur.is

Ath. Endurskoðendastofur

- www.pwc.is
- www.kpmg.is
- www.deloitte.is
- www.gt.is

Eyðublaðsafn

- Skattframtal einstaklinga
 - Kaup og sala eigna
 - Dagpeningaskýrsla
 - Akstursskýrsla
- Skattframtal atvinnurekenda
 - Smár atvinnurekstur, einfalt framtal
 - Stór atvinnurekstur, flóknara framtal
- Virðisaukaskattsskýrsla
- Skilagrein vegna staðgreiðslu og tryggingagjalds

Auglýsing

nr. 1254/2011, fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2012.

- (1) Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármálaráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.
- (2) Tekjuskattshlutfall á árinu 2012 verður 22,9% af tekjuskattsstofni að 2.760.000 kr., 25,8% af tekjuskattsstofni frá 2.760.001 kr. að 8.452.400 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 8.452.401 kr. Meðalútsvar á árinu 2011 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2012 verður því 37,34% af tekjuskattsstofni að 2.760.000 kr., 40,24% af tekjuskattsstofni frá 2.760.001 kr. að 8.452.400 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 8.452.401 kr.
- (3) Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 8.452.400 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,8% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 8.452.400 kr., þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.846.200 kr. við þessar aðstæður.
- (4) Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2012 vera 558.385 krónur, eða 46.352 krónur að meðaltali á mánuði.

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2013.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2013 verður 22,9% af tekjuskattsstofni að 2.897.702 kr., 25,8% af tekjuskattsstofni frá 2.897.703 kr. að 8.874.108 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 8.874.109 kr. Meðalútsvar á árinu 2013 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,42%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2013 verður því 37,32% af tekjuskattsstofni að 2.897.702 kr., 40,22% af tekjuskattsstofni frá 2.897.703 kr. að 8.874.108 kr. og 46,22% af tekjuskattsstofni frá 8.874.109 kr.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 8.874.108 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,8% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 8.874.108 kr., þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.988.203 kr. við þessar aðstæður.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2013 vera 581.820 krónur, eða 48.485 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. desember 2012.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2014.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2014 verður 22,86% af tekjuskattsstofni að 3.480.000 kr., 25,3% af tekjuskattsstofni frá 3.480.001 kr. að 9.415.428 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 9.415.429 kr. Meðalútsvar á árinu 2014 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2014 verður því 37,30% af tekjuskattsstofni að 3.480.000 kr., 39,74% af tekjuskattsstofni frá 3.480.001 kr. að 9.415.428 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 9.415.429 kr.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 9.415.428 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,3% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 9.415.428 kr., þó reiknast 25,3% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.967.714 kr. við þessar aðstæður.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2014 vera 605.977 krónur, eða 50.498 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 27. desember 2013.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2013

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2015.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2015 verður 22,86% af tekjuskattsstofni að 3.709.680 kr., 25,3% af tekjuskattsstofni frá 3.709.681 kr. að 10.036.847 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 10.036.848 kr. Meðalútsvar á árinu 2015 samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2015 verður því 37,30% af tekjuskattsstofni að 3.709.680 kr., 39,74% af tekjuskattsstofni frá 3.709.681 kr. að 10.036.847 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 10.036.848 kr.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 10.036.847 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,3% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 10.036.847 kr., þó reiknast 25,3% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 3.163.584 kr. við þessar aðstæður.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2015 vera 610.825 krónur, eða 50.902 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2014.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

Auglýsing

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2016.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2016 verður 22,68% af tekjuskattsstofni að 4.032.420 kr., 23,9% af tekjuskattsstofni frá 4.032.421 kr. að 10.043.880 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 10.043.881 kr. Meðalútsvar á árinu 2016 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,45%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2016 verður því 37,13% af tekjuskattsstofni að 4.032.420 kr., 38,35% af tekjuskattsstofni frá 4.032.421 kr. að 10.043.880 kr. og 46,25% af tekjuskattsstofni frá 10.043.881 kr.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 10.043.880 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 23,9% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 10.043.880 kr., þó reiknast 23,9% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 3.005.730 kr. við þessar aðstæður.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2016 vera 623.042 krónur, eða 51.920 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. desember 2015.

F. h. r.

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2017.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2017 verður 22,5% af tekjuskattsstofni að 10.016.488 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 10.016.489 kr. Meðalútsvar á árinu 2017 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2017 verður því 36,94% af tekjuskattsstofni að 10.016.488 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 10.016.489 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2017 vera 634.880 krónur, eða 52.907 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. desember 2016.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

Innheimtuhlutfall 2018

Velkomin á vef Stjórnartíðinda

1024 1280 1400 | A A+ A++

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.

1157/2017

Nr. 1157/2017

22. desember 2017



AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2018.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samantlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2018 verður 22,5% af tekjuskattsstofni að 10.724.553 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 10.724.554 kr. Meðalútsvar á árinu 2018 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2018 verður því 36,94% af tekjuskattsstofni að 10.724.553 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 10.724.554 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2018 vera 646.739 krónur, eða 53.895 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. desember 2017.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B deild - Útgáfud.: 27. desember 2017

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu 2019

Nr. 1264

21. desember 2018

AUGLÝSING

**um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu
og persónuafslátt árið 2019.**

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2019 verður 22,5% af tekjuskattsstofni að 11.125.045 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 11.125.046 kr. Meðalútsvar á árinu 2019 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2019 verður því 36,94% af tekjuskattsstofni að 11.125.045 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 11.125.046 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2019 vera 677.358 krónur, eða 56.447 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. desember 2018.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2018

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu 2020

Nr. 1226

19. desember 2019

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2020.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum, nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög, nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2020 verður 20,6% af tekjuskattsstofni að 4.042.995 kr., 22,75% af tekjuskattsstofni frá 4.042.996 kr. að 11.350.472 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 11.350.473 kr. Meðalútsvar á árinu 2020 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2020 verður því 35,04% af tekjuskattsstofni að 4.042.995 kr., 37,19% af tekjuskattsstofni frá 4.042.996 kr. að 11.350.472 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 11.350.473 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða LXI, laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2020 vera 655.538 krónur, eða 54.628 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2019.

F. h. r.
Helga Jónsdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2019

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2021.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum, nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög, nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2021 verður 17% af tekjuskattsstofni að 4.188.211 kr., 23,5% af tekjuskattsstofni frá 4.188.212 kr. að 11.758.159 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 11.758.160 kr. Meðalútsvar á árinu 2021 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,45%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2021 verður því 31,45% af tekjuskattsstofni að 4.188.211 kr., 37,95% af tekjuskattsstofni frá 4.188.212 kr. að 11.758.159 kr. og 46,25% af tekjuskattsstofni frá 11.758.160 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða LXI, laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2021 vera 609.509 krónur, eða 50.792 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. desember 2020.

F. h. r.
Helga Jónsdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2020

Almennt

Hlutföll og fjárhæðir

Hlutföll og fjárhæðir

- Skatthlutfall í staðgreiðslu

Skatthlutfall í staðgreiðslu samanstendur annarsvegar af tekjuskatti og hinsvegar meðalútsvari (14,45%). Skatthlutfallið er

- 31.45% af tekjum 0 - 349.018 kr.
- 37,95% af tekjum 349.019 - 979.847 kr.
- 46,25% af tekjum yfir 979.847 kr.

Skatthlutfall barna, þ.e. þeirra sem fædd eru 2006 eða síðar, er 6% (4% tekjuskattur, 2% útsvar) af tekjum umfram frítekjumark barna sem er 180.000 kr.

- Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 609.509 kr. á ári, eða 50.792 kr. á mánuði.

Heimilt er að nýta allan (100%) ónýttan persónuafslátt maka á árinu 2021.

Einn mánuður	kr.	50.792
Hálfur mánuður	kr.	25.396
Fjórtán dagar	kr.	23.378
Ein vika	kr.	11.689

Ef launatímabil er annað en að ofan greinir skal ákvarða persónuafslátt þannig:
609.509/365 x dagafjöldi launatímabils

› [Sjá nánar um persónuafslátt](#)

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2021 er hún	Árið 2020 var hún
31,45% af tekjum allt að 4.188.211 kr.	35,04% af tekjum allt að 4.042.995 kr.
37,95% af tekjuskattsstofni frá 4.188.212 að 11.758.159 kr.	37,19% af tekjum frá 4.042.996 að 11.350.472 kr.
46,25% af tekjum frá 11.758.159 kr.	46,24% af tekjum frá 11.350.472 kr.
Persónuafsláttur: 609.609 kr.	Persónuafsláttur: 655.538 kr.

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2019 er hún	Árið 2018 var hún
36,94% af tekjum allt að 11.125.045 kr.	36,94% af tekjum allt að 10.724.553 kr.
Annað þrep hefur verið felld niður	Annað þrep hefur verið felld niður
46,24% af tekjum frá 11.125.046 kr.	46,24% af tekjum frá 10.724.554 kr.
Persónuafsláttur: 677.358 kr.	Persónuafsláttur: 646.739 kr.

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2018 er hún	Árið 2017 var hún
36,94% af tekjum allt að 10.724.553 kr.	36,94% af tekjum allt að 10.016.488 kr.
Annað þrep hefur verið felld niður	Annað þrep hefur verið felld niður
46,24% af tekjum frá 10.724.554 kr.	46,24% af tekjum frá 10.016.489 kr.
Persónuafsláttur: 646.739 kr.	Persónuafsláttur: 634.880 kr.

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2017 er hún	Árið 2016 var hún
36,94% af tekjum allt að 10.016.488 kr.	37,13% af fyrstu 4.032.420 kr
Annað þrep hefur verið felld niður	38,35% af næstu 6.011.459 kr.
46,24% af tekjum frá 10.016.489 kr. Persónuafsláttur: 634.880 kr.	46,25% af tekjum umfram 10.043.880 kr. Persónuafsláttur: 623.042 kr.

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2016 er hún	Árið 2015 var hún
37,31% af fyrstu 4.032.420 kr.	37,30% af fyrstu 3.709.680 kr.
38,35% af næstu 6.011.460 kr.	39,74% af næstu 6.327.681 kr.
46,25% af tekjum umfram 10.043.880 kr. Þar af var útsvar 14,45% Persónuafsláttur: 623.042 kr.	46,24% af tekjum umfram 10.036.847 kr. Þar af nam útsvar 14.44% Persónuafsláttur: 610.825 kr.

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2015 er hún	Árið 2014 var hún
37,30% af fyrstu 3.709.680 kr.	37,30% af fyrstu 3.480.000 kr.
39,74% af næstu 6.327.681 kr.	39,74% af næstu 5.935.428 kr.
46,24% af tekjum umfram 10.036.847 kr. Þar af nam útsvar 14.44% Persónuafsláttur: 610.825 kr.	46,24% af tekjum umfram 9.415.429 kr. Þar af útsvar: 14,44% Persónuafsláttur: 605.977 kr.

Staðgreiðslan á hinum ýmsu árum:

Árið 2014 er hún	Árið 2013 var hún
37,30% af fyrstu 3.480.000 kr.	37,32% af fyrstu 2.897.702 kr.
39,74% af næstu 5.935.428 kr.	40,22% af næstu 5.976.405 kr.
46,24% af tekjum umfram 9.415.429 kr.	46,22% af tekjum umfram 8.874.108 kr.
Þar af útsvar: 14,44%	Þar af útsvar: 14.42%
Persónuafsláttur: 605.977 kr.	Persónuafsláttur: 581.820 kr.
	.

Persónuafsláttur 2021

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Í ár er þessi persónuafsláttur 609.509 kr. Ath. persónuafsláttur er skattaafsláttur ekki tekjufrádráttur, 1.938.025 kr. ($= 609.509/0,3145$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Persónuafsláttur 2020

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Í ár er þessi persónuafsláttur 655.538 kr. Ath. persónuafsláttur er skattaafsláttur ekki tekjufrádráttur, 1.870.828 kr. ($= 655.538 / 0,3504$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Persónuafsláttur 2019

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Í ár er þessi persónuafsláttur 677.358 kr. Ath. persónuafsláttur er skattaafsláttur ekki tekjufrádráttur, 1.833.671 kr. ($= 677.358 / 0,3694$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Persónuafsláttur 2018

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Í ár er þessi persónuafsláttur 646.739 kr. Ath. persónuafsláttur er skattaafsláttur ekki tekjufrádráttur, 1.750.782 kr. ($=646.739/0,3694$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Persónuafsláttur 2017

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Í ár er þessi persónuafsláttur 634.880 kr. Ath. persónuafsláttur er skattaafsláttur ekki tekjufrádráttur, 1.780.679 kr. ($=634.880/0,3694$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Persónuafsláttur 2016

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Árið 2016 var þessi persónuafsláttur 623.042 kr. Ath. persónuafsláttur er skatta-afsláttur ekki tekjufrádráttur, 1.678.002 kr. ($=623.042/0,3713$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Persónuafsláttur 2015

FRAMFÆRSLULÁGMARKSTRYGGING

- Allir þeir, sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. TSL, mega draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
- Árið 2015 var þessi persónuafsláttur 610.825 kr. Ath. persónuafsláttur er skattaafsláttur ekki tekju-frádráttur, 1.637.601 kr. ($=610.825/0,3730$)
- Getur einhver nemandi sagt mér hver fjárhæð persónuafsláttar er hjá þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur í tekjur? Lesið A-lið 67. gr. TSL

Millifæranleiki/samnýting

- Persónuafsláttur tilheyrir hlutaðeigandi einstaklingi. Mökum og sambúðaraðilum er þó heimilt að samnýta persónuafslátt hvors annars
 - Báðir búsettir hér á landi
- Ath. þessi regla gildir ekki um börn. Einstæð móðir, **ER** býr með fullveðja syni sínum eða dóttur, sem er í námi, á því ekki rétt á að nýta sér ónýttan persónuafslátt þess
 - Foreldri stundar atvinnurekstur og lætur barn taka laun ...
 - Foreldri og barn kaupa saman íbúð
- Þá er ekki heldur heimilt að flytja ónýttan persónuafslátt milli ára eins og rekstrartap

Skattleysismörk

- Með skattleysismörkum er átt við þær tekjur, sem maður getur haft, án þess að þurfa að greiða skatt
 - Í eðli sínu eru skattleysismörkin því einskonar:
Framfærslulágmarkstrygging
- Hjá einstaklingi eru skattleysismörk reiknuð út svona: $1.938.025 \text{ kr.} (= 609.509 / 0,3145)$
- Skattleysismörk í fjármagnstekjuskattinum eru hins vegar reiknuð út svona: $609.509 \times 22/37 = 362.411 \text{ kr.}$ og eru skattleysismörkin því $362.411 / 0,22 = \mathbf{1.947.322 \text{ kr.}}$

Frítekjumark og skattgildi árið 2021

Frítekjumark	Skattgildi	Persónuafsláttur
1.938.025	0,3145	509.609
1.947.322	0,2200	362.411

Frítekjumark og skattgildi árið 2020

Frítekjumark	Skattgildi	Persónuafsláttur
1.870.828	0,3504	655.538
1.771.238	0,2200	389.779

Frítekjumark og skattgildi árið 2019

Frítekjumark	Skattgildi	Persónuafsláttur
1.833.671	0,3694	677.358
1.830.697	0,2200	402.753

Frítekjumark og skattgildi árið 2018

Frítekjumark	Skattgildi	Persónuafsláttur
1.750.782	0,3694	646.739
1.747.943	0,2200	384.548

Endurgreiðslur og lækkanir

- Skattívilnun eða ívilnun í skatti er (tekju)frádráttur frá tekjuskattstofni. Sjá 65. gr. TSL
- Bætur eru tvenns konar:
 - **Barnabætur.** Aðstoð við fjölskyldur sem eiga börn. Sjá A-lið 68. gr. TSL - skattapólitík
 - **Vaxtabætur.** Aðstoð við þá sem eru að byggja eða kaupa sér íbúðarhúsnæði til **eigin nota**. Sjá B-lið 68. gr. TSL - skattapólitík
- Ath. bætur hafa ekkert með tekjuskattlagninguna sjálfa að gera

Yfirlit yfir útreikning vsk.

- Tvö skatthlutföll
 - Almennt, 24%. Var áður 25,5%
 - Við útsöluverð (skattverð) vöru að fjárhæð 1.000 ber því að bæta 240 kr.
 - Varan kostar því 1.240 kr. út úr búð
 - 240 kr. jafngilda **19,35%** af heildarverðinu með vski
 - Sérstakt, 11%. Var áður 7%.
 - Við útsöluverð vöru að fjárhæð kr. 1.000 ber því að bæta 110 kr.
 - Varan kostar því 1.110 kr. út úr búð
 - 110 kr. jafngilda **9,91%** af heildarverðinu með vski

Hvað þýðir TAX FREE?



HAGKAUP Tax-Free afsláttur Hagkaupa
nemur ekki 25,5 prósentum heldur
20,32 prósentum.

Kvartað vegna Hagkaupa: Tax-Free er ekki 25,5 prósent

NEYTENDUR Kvartanir bárust til
Neytendastofu vegna svonefndra
Tax-Free daga Hagkaupa.
Kvartanirnar sneru að því að
neytendur voru óánægðir með að
fá aðeins 20,32 prósent afslátt af
vörum á Tax Free-dögum, en þeir
töldu sig eiga rétt á 25,5 prósent afslátti, sem er prósentuhlutfall
virðisaukaskatts. Frá þessu er
sagt á vef Neytendasamtakanna.

Neytendastofa segir í úrskurði
að nauðsynlegt sé að tilgreina
prósentuhlutfall afsláttar skýr-
lega, bæði á sölustað og í auglýs-
ingum, þannig að fram komi að
afslátturinn nemur í raun 20,32
prósentum. Engar athugasemdir
voru gerðar við notkun Hagkaupa
á hugtakinu Tax Free.



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 47/2011

Auglýsingar Hagkaups um Tax Free afslátt

I.

Málsmeðferð.

1.

Mál þetta hófst með bréfi Neytendastofu, dags. 18. júní 2010, í tilefni ábendinga sem stofnuninni berast reglulega frá neytendum vegna Tax Free auglýsinga Hagkaups. Í bréfinu kom fram að ábendingarnar snúu að því að neytendur telji sig eiga að fá 25,5% afslátt af vörum sem auglýstar séu Tax Free en í raun sé afslátturinn um 20%. Hvorki í auglýsingum Hagkaups um Tax Free né í verslunum sé skýrt frá því hversu háan prósentuafslátt sé um að ræða. Þá hafi stofnuninni einnig borist fyrirspurnir þess efnis hvernig Hagkaup sé stætt á því að notast við orðin Tax Free þar sem eingöngu verslunum í friðhöfn sé leyfilegt að selja vörur án virðisaukaskatts.

Tryggingagjald

Gjaldstofn

- Reiknast af launum og mótframlagi atvinnu rekanda í lífeyrissjóð starfsmanns
- Til launa í þessu sambandi teljast bæði laun í peningum og **hlunnindum**
 - Ath. gjaldstofn iðgjalds lífeyristrygginga
- Á staðgreiðsluárinu 2021 er tryggingagjalds hlutfallið 6,10%
 - Þar af er tryggingagjaldið sjálft 6,00% en við bætist svo gjald í ábyrgðasjóð launa og markaðsgjald
- Útreikningsaðferð: $0,0610 \times (\text{laun} + \text{mótframlag})$

Tryggingagjald

Tryggingagjald er sérstakt gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum launamanna sinna á tekjuári og eftir atvikum af eigin reiknuðu endurgjaldi. Tryggingagjald er almennt innheimt í staðgreiðslu og skiptist í almennt tryggingagjald og atvinnutryggingagjald.

Tryggingagjald telst til launatengdra gjalda, en það eru þau gjöld sem launagreiðendur, þ.m.t. sjálfstætt starfandi menn, greiða vegna launakostnaðar við atvinnurekstur. Önnur launatengd gjöld í staðgreiðslu eru markaðsgjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa, en þau eru innheimt í staðgreiðslu samhliða innheimtu tryggingagjalds. Í framkvæmd er markaðsgjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa gefið upp sem hluti af tryggingagjaldi. Á staðgreiðsluárinu 2021 er tryggingagjaldshlutfallið samtals 6,10%. Þar af er tryggingagjaldið sjálft 4,65%, atvinnutryggingagjald 1,35%, og síðan bætast við gjald í ábyrgðasjóð launa (0,05%) og markaðsgjald (0,05%).

Tryggingagjaldi skal skila mánaðarlega til innheimtumanna ríkissjóðs.

Álagningarhlutfall tryggingagjalds

Rekstrarár	Hlutfall
2021	6,10%
2020	6,35%
2019	6,60%
2018	6,85%
2017	6,85%
2016	7,35% / 6,85% Hlutfall lækkaði í 6,85% frá og með 1.7.2016
2015	7,49%
2014	7,59%
2013	7,69%
2012	7,79%
2011	8,65%

Sérstök trygging vegna sjómanna á fiskiskipum er 0,65% og bætist við almennt álagningarhlutfall.

➤ Dæmi um útreikning tryggingagjalds í staðgreiðslu er að finna í fyrstu orðsendingu til launagreiðenda árlega.

Fréttablaðið 4. ágúst 2016

Fimm milljörðum meira í tryggingagjald

Tekjur ríkisins af tryggingagjaldi eru rúmum fimm milljörðum meiri á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir mikilvægt að álagt tryggingagjald lækki svo fyrirtækjum sé unnt að takast á við launahækkunarir.

ATVINNUMÁL Tryggingagjald sem atvinnurekendur greiddu í ríkissjóð nam alls 42,3 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2016 og var 5,4% umfram áætlun. Þetta kemur fram í tölum um greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Tekjur ríkisins af greiddu tryggingagjaldi aukast um 5,2 milljarða króna, eða 14 prósent, á milli ára.

Samtök iðnaðarins hafa þrýst á um lækkun gjaldsins. Gjaldið var

8,65 prósent fyrir árið 2011 en hafði lækkað og var 7,35 prósent fyrir fyrri hluta þessa árs. Um síðustu mánaðamót lækkaði það um 0,5 prósentustig og stendur nú í 6,85 prósentum.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir mikilvægt að gjaldið haldi áfram að lækka. „Þetta var 5,34 prósent fyrir hrun og okkur finnst mjög eðlilegt að gjaldið fari þangað aftur. Þá eru



Þess þá heldur er mikilvægt að þetta launatengda gjald lækki til þess að atvinnulífið geti þá nýtt tækifæri til þess að ráða fleiri í vinnu.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

í raun 1,5 prósent eftir,“ segir hann.

Almar segir að í ljósi mikilla launahækkana komi það ekki á óvart að ríkissjóður fái meiri tekjur af gjaldinu nú en síðustu ár. „Þess þá heldur er mikilvægt að þetta launatengda gjald lækki til þess að atvinnulífið geti þá nýtt tækifæri til þess að ráða fleiri í vinnu,“ segir Almar og bætir við að lækkun gjaldsins sé líka mikilvæg til að takast á við þær launahækkunarir

sem þegar hafi orðið. Innlend framleiðslufyrirtæki geti ekki velt öllum launahækkunum út í verðlag. Þar af leiðandi kalli þær á rekstrarhagræði hjá fyrirtækjum og þá geti tryggingagjaldið virkað sem dempari. Lægra tryggingagjald hjálpi til við að halda rekstri í eðlilegu horfi.

Almar segir jafnframt að í tilfelli útflutningsfyrirtækja sé lækkun gjaldsins samkeppnismál. – jhh

Gjaldstofn lífeyrисиðgjalds

- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129 23. desember 1997. Sjá nánar 3. gr. laganna er hljóðar svo:
 - Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð **greiddra launa** og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu
 - Stofn til iðgjalds skal vera **allar tegundir launa eða þóknana** fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
 - Til gjaldstofns skal þó **ekki telja** hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaði, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði eins og ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga

Hlutfall lífeyris af launum

$$4\% + 11,5\% = 15,5\%$$

- Launþegi
 - Almennt iðgjald: 4%
 - Séreign: 4%
- Launagreiðandi
 - Mótframlag 8% - 11,5%
- Breytingar í farvatninu? Somkomulag milli ASI og SA frá því 2016
 - Mótframlag hækkar um 3,5% - fer úr 8% í 11,5%

Flokkar

Fréttir
Vinnumarkaður
Efnahagsmál
Menntamál
Samkeppnishæfni

Leita eftir tímabilum

Öll ár

Allir mánuðir

Forsíða > Fréttir

15. júní 2016

Mótframlag í lífeyrissjóði hækkar um 3,5% til 2018

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa gert með sér samkomulag um hækkun á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði. Mótframlag hækkar um 3,5% í þremur áföngum til 2018. Gengið var frá samkomulaginu í dag.

- 1. júlí 2016 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 0,5% stig
- 1. júlí 2017 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 1,5% stig
- 1. júlí 2018 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 1,5% stig
- Hækkun um 0,5% þann 1. júlí nk. mun renna í samtryggingu sjóðsfélaga.
- Frá 1. júlí 2017 getur fólk ráðstafað allt að 2% stigum í bundinn séreignarsparnað.
- Frá 1. júlí 2018 getur fólk ráðstafað allt að 3,5% stigum í bundinn séreignarsparnað.

Samkvæmt kjarasamningi aðildarféлага Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 21. janúar 2016 hækkar mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð um samtals 3,5% stig á samningstímanum. Hækkunin kemur til framkvæmda í þremur áföngum, 0,5% stig þann 1. júlí 2016, 1,5% stig þann 1. júlí 2017 og um 1,5% stig þann 1. júlí 2018 og nær til þeirra lífeyrissjóða sem starfa á grundvelli kjarasamnings þessara aðila um lífeyrismál frá árinu 1969 og 1995. Skylduðgjald til lífeyrissjóðs samkvæmt samningi þessum verður þá samtals 15,5% frá 1. júlí 2018, sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 11,5% mótframlag atvinnurekenda.

Samkvæmt samningi aðila frá 21. janúar 2016 verður einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika.

Atvinnurekendur verður áfram skylt að skila öllu skyldutryggingariðgjaldinu til lífeyrissjóðs viðkomandi launamanns. Sjóðfélagar munu því snúa sér beint til viðkomandi lífeyrissjóðs ef þeir óska eftir því að nýta sér



Nota bene

- Ekki er heimilt að draga tekjuskatt frá tekjum að minnsta kosti ekki innlendan tekjuskatt
- Hið sama gildir um vsk ef aðili á annað borð er vsk. skyldur aðili
- Tryggingagjald telst hins vegar frádráttarbær rekstrarkostnaður í atvinnurekstri
- Hið sama gildir um **MÓTFRAMLAG** í lífeyrissjóð. Frádráttur þess er ekki heldur takmarkaður við 8% (11,5%) af launum

Útreikningar og dæmi

- Í möppu námskeiðsins er að finna skjal sem heitir: **Útreikningar og dæmi**
- Þetta skjal hefur að geyma úrlausnir á raun hæfum verkefnum sem farið verður yfir í tíma
- Ég myndi því ráðleggja ykkur að fara vel yfir skjalið með jöfnu millibili meðan á námskeiðinu stendur þar sem reynslan sýnir að þeir sem það gera standa sig vel á prófi

Prófafyrirkomulag

- Einkunn skiptist í verkefnahluta og prófhluta,
 - Verkefni verða 5 til 6 og gilda 30% af einkunn
 - Skilaskylda er á verkefnum. Farið er yfir verkefni í tíma með nemendum sem eiga að leggja mat á frammistöðu sína
 - Próf gildir 70%. Menn verða þó að fá að lágmarki 5,0 í einkunn til að verkefni teljist til einkunnar

Gerum námið skemmtilegt



Innlent | mbl.is | 17.7.2010 | 12:34

Ómar Ragnarsson fær milljónir

Íslendingar eru hvattir til að gefa Ómari Ragnarssyni eitt þúsund krónur í sjötugsafmælisgjöf sem þökk fyrir ómetanleg störf í þágu Íslenskrar náttúru.

Þannig hljóðar lýsingin á nýlegri síðu sem finna má á samskiptavefnum facebook. Þegar þessi frétt er skrifuð hafa 1.375 manns lýst sig viljuga til verksins með því að gerast meðlimir síðunnar.

Samkvæmt því hafa nú þegar safnast tæplega 1,4 milljón króna í afmælisgjöf til þessa ástsæla fjölfræðings.

Það er athafnamaðurinn Friðrik Weissshappel sem stendur fyrir síðunni.

Margir hafa lýst ánægju sinni með verkið í skilaboðum á síðunni. Greina má þar nokkra þjóðþekktu Íslendinga. Þar á meðal má nefna Friðrik Ómar sem upplýsir að hann sé skírður í höfuðið á Ómari Ragnarssyni vegna þess hve mjög faðir hans leit upp til Ómars.

[Hér](#) má skoða facebook síðuna.

-  [Senda frétt](#)
-  [Prenta frétt](#)
-  [Upplestur á frétt](#)
-  [Deila](#)
-  [Blogga um frétt](#)

Bloggað um fréttina

[16 blogg um fréttina »](#)

... þar til annað kemur í ljós

26. júl. 2010 - 11:35 | Vignir Már Lýðsson

Þarf Ómar að borga skatt af gjafa- peningum? Skattskyld þegar maður gefur öðrum 1.000 kall?

Ómar Ragnarsson segist ekki telja það skattskyld þótt maður gefi öðrum manni 1000 kall í afmælisgjöf en fullyrðir að allur skattur sem honum beri að greiða verði greiddur.

Eins og áður hefur verið greint frá stóð Friðrik Weisshappel, veitingamaður í Kaupmannahöfn, fyrir söfnun fyrir Ómar vegna 70 ára afmælis hans og afhenti honum ávísun upp á 12,5 milljónir um helgina.

Í samtali við Pressuna sagðist hann ekki vera með á hreinu hversu há gjafaupphæð þyrfti að vera til að hún yrði skattskyld en benti á að fyrir utan þessar 1000 króna gjafir hefðu sum fyrirtæki verið að gefa 100 og 200 þúsund krónur og eitt sem hefði gefið 2 milljónir.

“Það eru ákveðnar reglur um þetta, allar stærri gjafir eru skattskyldar en ég trúi ekki að það sé skattskyld þótt maður gefi manni 1000 kall í afmælisgjöf.”

Segir hann þessi fjárframlög hafa dugað fyrir öllum hans skuldum og gott betur en það.

“Ég get nú haldið áfram að vinna að þessum kvikmyndaverkefnum og allt sem kemur núna inn á sérreikning sem ég stofnaði fer beint til Grensásdeildarinnar eða í önnur líknarmál. Ég mun afhenda ávísun með þeirri upphæð sem safnast þann 16. september.”

Aðspurður segist Ómar hafa verið skuldugur víða áður en þessar gjafir bárust:

“Ég skuldaði eitt og annað hér og þar en nú er þetta komið á beinu brautina í stað þess að vera klöngrast í ófærinni.”



Friðrik Weisshappel stóð fyrir söfnun fyrir Ómar Ragnarsson og afhenti honum ávísun upp á 12,46 milljónir.



Hér er Friðrik að afhenda Ómari Ragnarssyni ávísun árið 2010. Friðrik safnaði peningum fyrir Ómar og hans störf þegar hann fagnaði 70 ára afmæli sínu. *Ljósmynd/Jakob Fannar Sigurðsson*

Jólagjöf Landspítalans færir lítilli verslun við Laugaveg tugi milljóna króna



Ágúst Borgþór Sverrisson
Föstudaginn 24. janúar 2020 15:00



Búsáhaldaversluninn Kokka, Laugavegi 47, datt í lukkupottinn fyrir síðustu jól þegar Landspítali ákvað að gefa starfsfólki sínu 8.500 kr. gjafabréf í versluninni í jólagjöf. Starfsmenn Landspítalans eru um 6.000 talsins, samkvæmt upplýsingum frá mannauðssviði stofnunarinnar, og má því leiða líkur að því að Kokka hafi fengið yfir 50 milljónir króna frá spítalanum, þó að þær tölur liggi ekki fyrir.

Málið er komið í nokkra umræðu á samfélagsmiðlum og meðal annars vekur borgarfulltrúinn Baldur Borgþórsson athygli á því. Má segja að hann fangi kjarnann í þeirri óánægju sem ákvörðunin vekur:

Málið er komið í nokkra umræðu á samfélagsmiðlum og meðal annars vekur borgarfulltrúinn Baldur Borgþórsson athygli á því. Má segja að hann fangi kjarnann í þeirri óánægju sem ákvörðunin vekur:

50 milljón króna forskot?

Fékk nýverið upplýsingar um að Landspítali hafi gefið starfsfólki sínu gjafakort að upphæð kr.8.500,- í Kokku, verslun á Laugavegi, í jólagjöf nýliðin jól.

Starfsmannafjöldi Landspítalans er samkvæmt heimasíðu rétt um 5,700 manns.

Séu þetta réttar upplýsingar og við gefum okkur að ekki sé farið í manngreinarálit innan Landspítalans er um verulega upphæð að ræða, eða tæpar 50 milljónir króna.

Væri ekki nær og sanngjarnara gagnvart verslunareigendum að fyrirtæki í eigu hins opinbera, hvort heldur er ríkis eða sveitafélaga gefi starfsfólki sínu gjafakort sem nota má í hvaða verslun sem er?

Það munar um 50 milljón krónu forskot í öllum rekstri, en sérstaklega þó á Laugavegi, þar sem kaupmenn róa lífróður vegna hindrana sem meirihluti borgarstjórnar leggur í götu þeirra.

Ég ítreka að ég hef ekki fengið téðar upplýsingar staðfestar heildstætt.

Leitt er ef satt er.

DV hafði samband við Guðrúnu Jóhannesdóttur, eiganda Kokku. Hún er ánægð með viðskiptin við Landspítalann og sér ekkert rangt við að gjafabréfin séu einskorðuð við þessa einu verslun: „Rétt eins og gjafabréfin hafa áður verið einskorðuð við 66°N eða Cintamani,“ segir hún og tilgreinir aðila sem Landspítali mun hafa keypt gjafabréf af áður. „Við höfum aldrei gert svona samninga við þau áður og þau fá afslátt hjá okkur.“ Segir Guðrún að gjafakortin gildi í fjögur ár. „Landspítali hefur gert þetta í mörg ár og leitar tilboða hjá fyrirækjum.“

Afslátturinn ræður úrslitum

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri skrifstofu mannauðsmála hjá Landspítalanum, staðfestir þessar upplýsingar og svar hennar við fyrirspurn DV um málið er eftirfarandi:

„Við leitum eftir tilboðum frá fyrirtækjum og aðilum, s.s. leikhúsum og fleirum og hefjum þá vinnu alltaf snemma sumars. Ákvörðunin byggist síðan meðal annars á því hversu mikinn afslátt fyrirtækið er tilbúið að bjóða, og einnig er leitast við að hafa fjölbreytni á milli ára, þannig að allir starfsmenn geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Slíkur afsláttur er ekki í boði ef keypt er almennt bankakort eða gjafakort sem gildir t.d. í allar verslanir í tiltekinni verslunarmiðstöð. Aðilar sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu árlega verkefni okkar geta haft samband við skrifstofu mannauðsmála.“

Samkvæmt svari Ástu eru afsláttarkjörin lykilatriði en þau myndu ekki bjóðast ef keypt væri gjafakort sem gildi á marga staði.

Neitar að afhenda greinargerð um sóknargjöld



Innanríkisráðuneytið. Golli / Kjartan Þorbjörnsson

Kjartan Kjartansson
kjartan@mbl.is

Innanríkisráðuneytið hafnar því að afhenda greinargerð sem Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkis-endurskoðandi, vann fyrir það um eðli sóknargjalda. Ráðuneytið telur almenning ekki eiga rétt á aðgangi að henni á grundvelli upplýsingalaga þar sem hún sé gagn í stefnumótun og samráði um sóknargjöld.

Félagið Vantrú óskaði eftir greinargerðinni í febrúar en var hafnað með bréfi frá ráðuneytinu 14. júlí. Þar er greinargerðin sögð gagn sem tekið hafi verið saman fyrir ráðherrafundi vegna stefnumótunar og samráðs sem nú fari fram um sóknargjöld. Mbl.is óskaði í kjölfarið eftir að fá greinargerðina en var hafnað af ráðuneytinu á sömu forsendum.

Að sögn Jóhannesar Tómassonar, upplýsingafulltrúar innanríkisráðuneytisins, var talið rétt að biða með að birta greinargerðina á meðan samráð stjórnvalda og þjóðkirkjunnar um sóknargjöld fari fram. Vantrú [kærði höfnun ráðuneytisins](#) til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Jóhannes segir að ef nefndin úrskurði að afhenda þurfi gögnin þá hljóti ráðuneytið að gera það.

Gætu látið reyna á lögmæti sóknargjalda fyrir dómstólum

Deilt hefur verið um eðli sóknargjalda sem greidd hafa verið úr ríkissjóði til trú- og lífsskoðunarfélaga frá árinu 1987. Þjóðkirkjan heldur því fram að þau séu félagsgjöld sem ríkið sjái um að innheimta samhliða tekjuskatti. Gagnrýnendur sóknargjalda benda á gjöldin séu beint framlag ríkisins til kirkjunnar og annarra trú- og lífsskoðunarfélaga enda sé skattþrósentu þeirra sem standa utan slíkra félaga sú sama þeirra sem tilheyra þeim.

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, vildi ekki taka beina afstöðu til þess hvernig bæri að líta á sóknargjöld fyrir en hún hefur „fastara land undir fótum“ þegar mbl.is ræddi við hana í janúar.

Fulltrúar Vantrúar íhuga nú að leita til dómstól til að fá ofgreiddan tekjuskatt endurgreiddan verði á skilningur fulltrúa þjóðkirkjunnar að sóknargjöld séu félagsgjöld staðfestur af stjórnvöldum.

Fyrri fréttir mbl.is:

[Gætu krafist endurgreiðslu](#)

[Skoðar eðli sóknargjalda](#)



WIKIPEDIA
Frjálsa alfræðiritið

[Forsíða](#)
[Úrvalsefni](#)
[Efnisflokkar](#)
[Handahófsvalin síða](#)
[Hjálp](#)

Verkefnið
[Nýlegar breytingar](#)
[Nýjustu greinar](#)
[Samfélagsgátt](#)
[Potturinn](#)
[Fjárfraðslög](#)

Prenta/sækja
[Búa til bók](#)
[Sækja PDF-skrá](#)
[Prentvæn útgáfa](#)

Verkfæri
[Hvað tengist hingað](#)
[Skyldar breytingar](#)
[Hlaða inn skrá](#)
[Kerfissíður](#)
[Varanlegur tengill](#)

[Síða](#)[Spjall](#)[Lesið](#)[Breyta frumkóða](#)[Breytingaskrá](#)

Sóknargjald

Sóknargjald er áhveðið hlutfall af [tekjuskatti](#) sem úthlutað er til [þjóðkirkjusafnaða](#), [löglega skráðum trúfélögum](#) og [lífsskoðunarfélögum](#) á Íslandi samkvæmt fjölda skráðra meðlima þeirra^{[1][2]}.

Efnisyfirlit [fela]

- [1 Saga](#)
- [2 Upphæðir](#)
- [3 Tilvísanir](#)
- [4 Heimildir](#)

Saga [breyta frumkóða]

Sóknargjöld voru fyrst innleidd á Íslandi með lögum nr. 40/1909 en með sömu lögum var [tíund](#) afnumin ásamt með ýmsum öðrum gjöldum sem runnið höfðu til kirkjunnar. Sóknargjald var tvískipt og fólst annars vegar í prestsgjaldi sem nam 1 krónu og 50 aurum árlega og hins vegar kirkjugjaldi sem nam 75 aurum árlega. Gjöldin áttu allir yfir 15 ára aldri að greiða, óháð kyni eða stöðu og kom það í hlut sóknarnefnda að innheimta það. Undanþegnir frá framangreindum gjöldum voru þeir sem tilheyrðu öðrum kirkjufélögum utan þjóðkirkjunnar, sem höfðu fengið konunglega staðfestingu, enda næmu framlög hvers safnaðarmeðlims eldri en 15 ára að minnsta kosti 2 krónum og 25 aurum árlega. Ekki var í lögunum gert ráð fyrir að einstaklingar utan trúfélaga væru undanþegnir greiðslu sóknargjalda.^[3]

Þúsundir Zúista ekki fengið greitt



Stjórn Zúista hefur lýst sig andsnúna ríkisstyrkjum til trúfélaga. mbl.is/KristinnIngvarsson



Skúli Halldórsson
sh@mbl.is

Deilt um ríkisstyrkinn

- Um 3.200 meðlimir eru skráðir í trúfélagið og um 35 milljónir króna munu því safnast á þessu ári.
- Stofnendur félagsins hafa stefnt ríkissjóði og verður málið tekið fyrir 7. september í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Trúfélag Zúista hefur ekki greitt meðlimum félagsins þann fjárstyrk sem það fær mánaðarlega frá ríkinu. Á vefsíðu þess segir að styrkurinn verði greiddur til félagsmanna tvisvar á ári.

„Hugmyndin var í raun alltaf sú að safna saman sóknargjöldunum og greiða þau út í einum skammti, en líklega borgar sig að gera það aðeins einu sinni á ári,“ segir Snæbjörn Guðmundsson, einn stjórnarmeðlima félagsins, og bendir á mikinn umsýslukostnað sem annars gæti fylgt tíðari greiðslum.

Ríkið greiðir 15. hvers mánaðar inn á reikning allra skráðra trú- og lífs-skoðunarfélaga en greiðslur inn á reikning félagsins hafa verið frystar að sinni. Ástæðan er kæra skráðra forsvarsmanna rekstrarfélagsins Zuism á hendur ríkinu, en þeir stofnuðu trúfélagið árið 2013 áður en núverandi stjórn tók við.

Krefjast þeir sóknargjaldanna sem nú hafa safnast, en um 3.200 manns eru skráðir í félagið og nemur greiðslan frá ríkinu 10.800 krónum fyrir hvern meðlim á ársgrundvelli. Um 35 milljónir króna munu því safnast á árinu vegna þessa.

„Pollróleg“ í stjórninni

Skattskyldar tekjur eru

Sjá 4. tölul. A-liðar 7. gr. TSL

- Verðlaun og heiðurslaun, **vinningar** í happdrætti, veðmáli eða **keppni**
- Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða
- Undanskildar eru þó **tækifærisgjafir**, **enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir** svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum

Túlkun

- **Hvað eru tækifærisgjafir?** Tækifæri merkir tilefni eða atburður í lífi manns. Eitthvað sem gefur tilefni til að staldra við, horfa um öxl og fagna. Hér til teljast afmæli, gifting (brúðkaup), ferming, fæðing barns, flutningur í íbúð, breyting á starfsvettvangi o.s.frv.
- Sé gjöf afhent við svona tækifærki er hún undanþegin skatti ef verðmæti hennar er ekki meira **almennt gerist um slíkar gjafir**
- **Almennt gerist** → inniheldur mælikvarða sem vísar til HVAÐ hinn almenni maður/kona GEFUR mikið undir svona kringumstæðum
- Ómari hlotnuðust gjafirnar í tilefni af 70 ára afmæli hans. Ef mér hefði verið boðið í afmælið hefði ég kannski gefið Ómari gjöf fyrir 10 þús. Svo hygg ég líka að margir aðrir hefðu gert
- Andvirði gjafar að fjárhæð 1.000 kr. er því örugglega undanþegið skattskyldu. Í því sambandi skiptir ekki máli þótt heildarandvirðið sé meira eins og raunin varð í tilviki Ómars

Meira ...

- Tækifærisgjafir eru umfram allt einstaklingsgjafir (PERSÓNUGJAFIR)
- Eitthvað af gjöfunum, sem Ómar fékk, átti að ganga til að ljúka framleiðslu á kvikmyndum sem hann var að gera/vinna að
- Þessar gjafir eru því ekki einstaklingsgjafir heldur atvinnurekstrargjafir → styrkir
 - Ómari ber því að tekjufæra þær í atvinnurekstri sínum sem (HUGARHFLUF EHF.) **framleiðslustyrki** eftir verkefninu sem þær eru veittar til kostunar á
 - Hugsanlega má Ómar því dreifa tekjufærslunni á tvö til þrjú ár – verk í vinnu

Úrskurður nr. 341/2002

Gjaldár 2000

Tækifærisgjafir?

- Sveitarfélag nokkurt ákvað að gefa hverju barni sem fæddist innan þess 100.000 kr. peningagjöf
- Dóttir kærenda fékk svona gjöf árið 1999 og var hún skattlögð hjá foreldrunum með venjulegum hætti við álagningu
- Skv. því var ekki fallist á með kærendum að greiðslan yrði lögð að jöfnu við **venjulegar tækifærisgjafir milli nákominna** eða tengdra aðila við slík tilefni sem barnsfæðingar væru

Spurningar ...

- ... ef ekki þakka ég fyrir mig

